



VESTURBYGGÐ

Alþingi
Erindi nr. P 131/1682
komudagur 27.4.2005

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Nefndasvið Alþingis, Samgöngunefnd.
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Patreksfirði 26. apríl 2005

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005 – 2008.

Kæra Samgöngunefnd.

Undirritaður vill f.h. bæjarstjórnar Vesturbyggðar koma á framfæri mótmælum við skerðingu fjárveitinga til vegagerðar á Vestfjörðum í tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008. Mótmælt er harðlega skerðingum til fjórðungsins í heild sinni en sérstaklega er mótmælt þeirri miklu skerðingu m.v. nógildandi áætlun sem lögð er til á fjárveitingum til Vestfjarðavegar í fyrirbyggjandi tillögu.


Skerðingin er veruleg, ekki síst í ljósi þess að til viðbótar um 200 millj. króna lækkun fjárveitinga á árunum 2005-2006 er kostnaður við vegaframkvæmdir í Svínadal tekinn af fjárveitingum til Vestfjarðavegar (áætlaður kostnaður um 300 millj. króna). Þetta er gert með því að vegakaflinn sem í nógildandi áætlun heitir; "Vestfjarðavegur – Flókalundur – Bjarkalundur" er breytt í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og heitir þar: "Vestfjarðavegur – Svínadalur – Flókalundur". Má því segja að til viðbótar áður nefndri skerðingu að fjárhæð 200 millj. króna komi ætlaðar framkvæmdakostnaður Svínadalsvegar og er skerðingin þá samtals um **hálfur milljarður** á tveimur árum sem er með öllu óásættanlegt!! Auðvitað er löngu tímabært að vegurinn um Svínadal verði tekinn í gegn en að það fresti enn lengur en orðið er bráðnauðsynlegum framkvæmdum við Vestfjarðaveg getum við ekki sætt okkur við.

Enn verra er að sættast á tillögu að samgönguáætlun eins og hún er lögð fram þegar sú staðreynd blasir við að einungis er gert ráð fyrir því að leggja rúmar 700 millj. króna samanlagt í framkvæmdir við Vestfjarðaveg á árunum 2007-2008 eftir þá miklu skerðingu sem áður er list árin tvö á undan. Á sama tíma er gert ráð fyrir 1.350 millj. króna í Djúpveg og veg um Arnkötludal. Við viljum alls ekki gera lítið úr mikilvægi þeirra framkvæmda en bendum á að í samgönguáætlun fyrir Vestfirði, sem samþykkt var á ársþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga í sept. 2004 og algjör einhugur ríkti um, eru vegagerð um Djúp og Vestfjarðavegur lögð að jöfnu sem forgangsverkefni og framkvæmdir við þá vegi skyldu hafa forgang umfram aðrar vegaframkvæmdir í fjórðungnum, t.d. um Arnkötludal.

Ekki er að sjá á tillögunni að mætt sé óskum heimamanna hvað áherslur varðar og brýnt að þar komi til leiðrétting. Sú leiðrétting á ekki að hafa í för með sér tilfærslu fjármuna innan fjórðungsins að okkar mati, heldur teljum við löngu tímabært að viðurkennt verði að Vestfirðir eru langt á eftir öðrum landshlutum þegar litið er til gæða vegakerfisins og að stórauka þurfi því fjárveitingar til vegaframkvæmda þar á tímabili áætlunarinnar. Sú aukning þarf, í ljósi ofangreindra upplýsinga, að renna til Vestfjarðavegar og jafna þannig misræmi milli fjárveitinga til forgangsverkefna í fjórðungnum samkvæmt áður nefndri samgönguáætlun Vestfirðinga sem einhugur hefur ríkt um.

Með von um árangursrík störf nefndarinnar við vandasamt verkefni sendi ég góðar kveðjur úr vorinu fyrir vestan.

Virðingarfyllst,


Guðmundur Guðlaugsson
bæjarstjóri



Samrit áður sent í tölvupósti á netfangið: nefnadasvid@althingi.is.